

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.  
Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. janúar 1984.*

**Jón Helgason.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

**vegna eftirlits með afla og úthaldi á fiskveiðum.**

### 1. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski aðgreindum eftir tegundum um borð í veiðiskipum. Ennfremur er honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Skal þyngd hvorrar tegundar skráð á matsnótur Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Ákvæði þessarar greinar tekur til eftirgreindra fisktegunda: Þorsks, ýsu, ufsa, karfa, skarkola, grálúðu og steinbíts.

### 2. gr.

Útgerðaraðilum veiðiskipa er skylt að senda ráðuneytinu skriflegar upplýsingar um afla og aflasamsetningu í ákveðinni veiðiferð eða yfir ákveðið tímabil og um úthald og sjósókn á ákveðnu tímabili óski ráðuneytið eftir slíkum upplýsingum.

### 3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar breyta í engu skyldu skipstjórnarmanna og útgerðarmanna til skýrslugjafa til Fiskifélags Íslands samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55 27. júní 1941 um afla- og útgerðarskýrslur.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. ákvæðum 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. 4. gr. laga nr. 83 28. desember 1983.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 83 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1984.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*